



Stjórnarfundur Körfuknattleiksdeildar Vestra 26. október 2017

Haldinn að Torfnesi. Fundur settur kl. 20:05. Mætt: Ingólfur Þorleifsson, formaður, Birna Lárusdóttir, formaður BUR, Harpa Guðmundsdóttir, Birgir Örn Birgisson, Sveinn Rúnar Júlíusson, gjaldkeri, Ingi Björn Guðnason sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fjármál
Sveinn gerði grein fyrir stöðunni. Eitthvað af útstandandi styrkjum vegna skilta í íþróttahúsi.
2. Fjáraflanir
Fjáröflun með Þorsteini Þráinssyni vegna grillveislu fyrir Ísafjarðarbæ. Samþykkt að hluti hennar renni beint til yngri flokka leikmanna sem tekið hafa þátt í landsliðsverkefnum á árinu. Þeir unnu jafnframt vinnuna.
Fjáröflun á mánudag, tiltekt fyrir Byggðasafn Vestfjarða sem meistaraflokkur sér um undir stjórn Magnúsar Heimissonar.
Fjáröflun hjá Verkalýðsfélagi Vestfjarða, flutningur úr gamla húsnæði félagsins. Samþykkt að fjáröflunin renni til yngri flokka sem stefna á keppnisferð til Gautaborgar í vor.
Leikjaskrá. Auglýsingasala hefur gengið ögn hægar en að var stefnt. Blaðið er nú komið yfir núllið. Áfram stefnt að útgáfu. Líklegt má telja að þetta blað skili ekki miklum afgangi en það býr í haginn fyrir blað næsta árs sem ætti að verða auðveldara í auglýsingasölu og framleiðslu.
3. Leyfismál erlendra leikmanna
Farið yfir stöðu mála.
4. Barna- og unglingaráð
Þrír hópar keppa um helgina 10. flokkur stúlkna og minnibolti 11 ára drengja keppa á útivelli og 7. flokkur kvenna spilar túrneringu heima sem er frumraun þeirra á Íslandsmóti.
5. Önnur mál. Engin önnur mál

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 21:10.